



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær
Bæjarráð
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 6. mars 2018
1702003 SB

Efni: **Lokaafgreiðsla á breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040**

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins samþykkti á fundi sínum þann 2. mars 2018 breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 þar sem skilgreindir eru samgöngu- og þróunarásar fyrir Borgarlínu. Samþykkt tillaga ásamt umhverfisskýrslu, innkomnum athugasemdum og viðbrögðum svæðisskipulagsnefndar við þeim er því send til lokaafgreiðslu aðildarsveitarfélaganna sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi var auglýst 29. nóvember 2017. Frestur til að skila inn athugasemdum var til og með 17. janúar 2018. Í kynningarferlinu bárust athugasemdir frá 21 aðila og þar af 6 lögbundnum umsagnaraðilum.

Fyrir hafði Skipulagsstofnun lagt fram umsögn við tillöguna en svæðisskipulagsnefnd brást við þeirri umsögn á fundi þann 24. nóvember 2017 og lagfærði tillöguna og umhverfisskýrslu fyrir auglýsingu. Í umsögn sinni lagði Skipulagsstofnun m.a. til að lega Borgarlínu yrði sett skýrar fram á korti 2 með sambærilegum hætti og núverandi stofnvegir á korti 4 í gildandi svæðisskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd taldi hins vegar ekki rétt að draga legu Borgarlínu upp á skýringarkort því með því væri verið að gefa villandi skilaboð um hvaða skipulagsákvörðun er verið að taka með svæðisskipulagsbreytingunni. Sveitarfélögin festa legu Borgarlínu í sínum aðalskipulagsáætlunum, innan þeirra samgöngu- og þróunarása sem dregnir eru upp í svæðisskipulagi. Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 21. nóvember 2017 fylgdi auglýstri breytingartillögu.

Í gögnum með endanlegri tillögu er að finna allar athugasemdir ásamt viðbrögðum svæðisskipulagsnefndar við þeim. Athugasemdum má skipta niður í fimm efnisflokkar:

- i. **Borgarlínan er óraunhæf, kostnaðarsöm, mun ekki bæta samgöngur**
5 af 21 aðila telja svo vera. Brugðist er við þeim athugasemdum með því að styrkja rökstuðning með skipulagsbreytingunni í greinargerð.
- ii. **Breytingar á samgöngu- og þróunarásum**
4 af 21 leggja til breytingar á legu samgöngu- og þróunarásum. Brugðist er við með því að skilgreina samgöngu- og þróunaráss milli Smárans og Mjóddar.
- iii. **Byggðamynstur**
Í umsögnum 7 af 21 aðila koma fram ábendingar sem snerta útfærslu nærumhverfis. Þeim ábendingum er vísað til næstu skipulagsstiga og þeirra eftirfylgni svæðisskipulagsnefndar sem felast í gerð leiðbeininga um samgöngumiðað skipulag.

iv. Jákvæð umhverfisáhrif

7 af 21 aðilum lýsa skýrt yfir jákvæðum skoðunum á breytingartillögunni einkum með tilliti til loftslagsmála og annarra umhverfisáhrifa. Þessar umsagnir gefa ekki tilefni til sérstakra viðbragða annarra en að bæta tilvísanir í umhverfisskýrslu.

v. Engar athugasemdir

4 aðilar gera engar athugasemdir.

Svæðisskipulagsnefnd gerði lítilsháttar breytingar á auglýstri tillögu í samræmi við ofangreind viðbrögð. Þær breytingar hafa hvorki áhrif á markmið svæðisskipulagsins um byggðapróun og samgöngur né niðurstöður umhverfismats.


Að framankomnu er hér óskað eftir afgreiðslu borgarstjórnar Reykjavíkur á breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 ásamt umhverfisskýrslu. Borgarstjórn hefur 6 vikur til að afgreiða málið. Í fundargerð þarf að koma fram að afgreiðsla borgarstjórnar sé gerð á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 123/2010 og 9. gr. laga nr. 105/2006.

Þau gögn varðandi málið eru:

- 1) Samþykkt tillaga að breytingu á svæðisskipulagi, mars 2018
- 2) Umhverfisskýrsla VSÓ, mars 2018
- 3) Innkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu, febrúar 2018
- 4) Viðbrögð við innkomnar athugasemdum, febrúar 2018
- 5) Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 21. nóvember 2017

Undirritaður veitir frekari upplýsingar um málið sé þess þörf.

Virðingarfyllst,



Hrafnkell A. Proppé

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Samrit sent til skipulagsnefndar Garðabæjar